



HÍ

Námsdvöl erlendis

Study Abroad

## NÁMSDVÖL UM VÍÐA VERÖLD STUDY ALL OVER THE WORLD



### Information on studying abroad

- » on the UI website [english.hi.is/international\\_division](http://english.hi.is/international_division)
- » at regular information sessions
- » from the International Division at the University Centre  
Open weekdays 10-15  
Tel: 525 4311 – Email: [ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)
- » from international coordinators at UI faculties

### Upplýsingar um námsdvöl erlendis

- » á vef HÍ [hi.is/althjodasvid](http://hi.is/althjodasvid)
- » á reglulegum kynningum
- » hjá Alþjóðasviði á Háskólatorgi  
Opið virka daga kl. 10-15  
Sími 525 4311 – Netfang: [ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)
- » hjá alþjóðafulltrúum sem starfa við deildir HÍ

**Skiptinám**

**Starfsþjálfun**

**Sumarnám**

**Exchange studies**

**Traineeships**

**Summer courses**

## EINSTAKT TÆKIFÆRI

Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 400 háskóla um allan heim sem veitir nemendum einstakt tækifæri til að stunda hluta af náminu við erlenda háskóla með því að fara í skiptinám eða sumarnám. Nemendur geta einnig farið í starfsþjálfun við háskóla, stofnanir eða fyrirtæki erlendis.

## ALÞJÓÐLEG REYNSLA EYKUR ATVINNUMÖGULEIKA

Þeir sem hafa stundað nám eða unnið í útlöndum búa oftast yfir færni sem atvinnurekendur sækjast eftir s.s. aðlögunarhæfni, getu til að taka ákvarðanir, sjálfstæði og umburðarlyndi (Erasmus+ Higher Education Impact Study 2019). Þeir standa því oft betur að vígi þegar kemur að samkeppni á vinnumarkaði.

## UNIQUE OPPORTUNITIES

The University of Iceland has partnerships with over 400 universities all over the world, giving students the opportunity to take part of their studies at a foreign university through exchange studies or summer courses. Students may also pursue traineeships at universities, institutes or businesses abroad.

## INTERNATIONAL EXPERIENCE BOOSTS EMPLOYABILITY SKILLS

People who study or work abroad develop skills that employers value, such as adaptability, decision-making skills, independence and tolerance (Erasmus+ Higher Education Impact Study 2019). When competing in the labour market people with these skills are often more successful.

## UMSÓKNARFRESTIR

Skiptinám » 1. febrúar  
Styrkir til starfsþjálfunar » 1. apríl

## APPLICATION DEADLINES

Exchange studies » 1 February  
Grants for traineeships » 1 April



## Skiptinám

Það eru ótal góðar ástæður fyrir því að fara í skiptinám. Nemendur geta fengið skiptinámið metið inn í námsferil sinn við Háskóla Íslands, eiga kost á fjölbreyttara námsframboði og geta stundað nám við fremstu háskóla heims. Nemendur öðlast alþjóðlega reynslu sem nýtist í frekara námi eða á vinnumarkaði og skiptinám getur opnað dyr fyrir þá sem stefna á framhaldsnám erlendis.

### HVERJIR GETA FARIÐ?

Grunn- og framhaldsnemar í flestum námsgreinum geta farið í skiptinám. Grunnemar þurfa að hafa lokið a.m.k. einu ári (eða 60 ECTS einingum) af náminu við HÍ áður en skiptinám hefst. Hægt er að fara í skiptinám í eitt eða fleiri misseri, þó að hámarki eitt skólaár á hverju námsstigi. Gert er ráð fyrir að nemendur séu í fullu námi við gestaskólann, þ.e. 30 ECTS einingum á misseri.

Hægt er að fara í blandað skiptinám bæði í lengri og skemmri tíma. Í blönduðu skiptinámi fer hluti námsins fram á netinu. Markmiðið er að gera nemendum kleift að fara í styttri námsdvalir og ná þannig til fjölbreyttari nemendahóps.

### HVERT ER HÆGT AÐ FARA?

Nemendur geta farið í skiptinám um allan heim. Á vef HÍ er að finna leitargrunn með samstarfsskólum þar sem hægt er að leita eftir landi, námsleið, námsstigi o.fl.

## Exchange Studies

There are many great reasons to go on exchange. Students can transfer credits earned abroad to their programmes at the University of Iceland, have a wider range of courses to choose from, and can study at the world's leading universities. Students gain international experience that will help them in further studies or on the job market. Exchange studies can also open doors for those planning to pursue graduate studies abroad.

### WHO CAN GO?

Exchange studies are an option for both undergraduate and graduate students in most subjects. Before beginning the exchange period undergraduate students must have completed at least one year of study (or 60 ECTS) at UI. Students can apply to study abroad for one or two semesters as a part of each study cycle. Exchange students are expected to take a full course load at the host university, i.e. 30 ECTS per semester.

Students can take part in a blended exchange for a short or a longer period. Blended exchange combines the study period abroad with a virtual activity online. The aim is to enable students to go abroad for shorter periods of time and to strengthen inclusion and participation.

### WHERE CAN I GO?

Students can go on exchange studies all over the world. The UI website features a database of partner universities, that users can search by country, study programme, level of study and other criteria.

## SKIPTINÁM / EXCHANGE STUDIES

### WHAT CAN I STUDY?

Before applying for exchange studies, students should thoroughly research the courses available at the host university and check the language of instruction. The majority of UI's partner universities offer courses in English. It is critical that the course selection is approved by the faculty at UI.

### HVERNIG VEL ÉG NÁMSKEIÐ?

Áður en sótt er um skiptinám þarf að skoða vel námsframboð við gestaskólann og á hvaða tungumáli námskeiðin eru kennd. Flestir samstarfsskólar HÍ bjóða upp á námskeið á ensku. Mikilvægt er að deild samþykki val á námskeiðum.

#### WHY GO ON EXCHANGE?

- » greater variety of courses
- » credits transferred
- » easier and more affordable than studying abroad on your own
- » possibility of travel and subsistence grants
- » no tuition fees at the host university
- » opportunity to learn the language and culture of another country
- » international networking
- » experience that will be valuable in further studies or on the job market

#### HVERS VEGNA SKIPTINÁM?

- » fjölbreyttara námsframboð
- » einingar metnar
- » einfaldara og ódýrara en nám á eigin vegum
- » möguleikar á ferða- og dvalarstyrkjum
- » niðurfelld skólagjöld við gestaskóla
- » tækifæri til að kynnst tungumáli og menningu annarra landa
- » alþjóðlegt tengslanet
- » dýrmæt reynsla sem nýtist í frekara námi eða á vinnumarkaði

### WHAT ABOUT HOUSING?

Host universities will provide information on accommodations and available options. University of Iceland also collaborates with Housing Anywhere, a secure renting platform where UI students can search for rental housing in over 400 cities all over the world.

### HVAÐ MEÐ HÚSNÆÐI?

Gestaskólar veita nemendum upplýsingar um húsnæði og þá möguleika sem standa til boða. Háskóli Íslands er einnig í samstarfi við Housing Anywhere sem er öruggur leiguvettvangur þar sem nemendur HÍ geta leitað að leiguhúsnæði í yfir 400 borgum um allan heim.

## AURORA

HÍ er einn af ellefu skólum í Aurora-samstarfinu sem leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og að gera nemendum betur kleift að takast á við áskoranir samtímans. Aurora gefur nemendum kost á fjölbreyttum tækifærum til að fá alþjóðlega reynslu í námi sínu s.s. með námsdvöl erlendis við Aurora háskóla, með því að taka stakt námskeið eða með þátttöku í verkefnum og viðburðum á vegum Aurora.

[www.hi.is/aurora](http://www.hi.is/aurora)

University of Iceland is one of eleven universities participating in the Aurora collaboration that emphasises social responsibility and empowering students to address societal challenges. Aurora provides students with numerous opportunities to gain international experience in their studies, such as studying abroad at an Aurora University, taking a single course, or participating in Aurora-organised projects and events.

[english.hi.is/aurora](http://english.hi.is/aurora)

## HVAÐA STYRKIR ERU Í BOÐI?

Skólagjöld við gestaskólann eru að jafnaði felld niður en nemendur greiða árlegt skrásetningargjald við HÍ. Þau sem fara í skiptináms í gegnum Nordplus og Erasmus+ áætlanirnar\* fá líka ferða- og dvalarstyrk. Í sumum tilfellum bjóðast styrkir til skiptináms utan Evrópu. Upplýsingar um styrki og styrkuppþæðir má finna á bls. 14.

\* **Erasmus+** er menntaáætlun Evrópusambandsins sem hefur m.a. það markmið að auka samstarf milli evrópskra háskóla og að evrópskir háskólanemar öðlist alþjóðlega reynslu.

**Nordplus** er norræn menntaáætlun sem m.a. styrkir grunn- og meistaranema til námsdvalar á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjum.

## WHAT GRANTS ARE AVAILABLE?


Tuition at the host university is usually waived, but students must still pay the annual registration fee at UI. Students who go on exchange studies through the Nordplus or Erasmus+ programmes\* also receive a travel grant as well as a monthly stipend. Grants may be available for students participating in exchange studies outside of Europe. Information on grants and amounts can be found on page 15.

\* **Erasmus+** is the European Union's education programme that aims to increase collaboration between European universities and encourage European university students to gain international experience.

**Nordplus** is a Nordic education programme that supports undergraduate and master's students to go on exchange studies in the Nordic countries and the Baltic states.

## SKIPTINÁM / EXCHANGE STUDIES

### FERLIÐ Í HNOTSKURN THE PROCESS IN A NUTSHELL



[www.hi.is/skiptinam](http://www.hi.is/skiptinam)

[english.hi.is/exchange](http://english.hi.is/exchange)





„Ég hef aldrei hitt neinn sem sér eftir því að hafa farið í skiptinám. Þetta er mögnuð lífsreynsla og frábært tækifæri til að stunda nám í útlöndum, kynnast fullt af fólki frá ólíkum löndum og standa á eigin fótum. Þú borgar ekki skólagjöld, færð skiptinámið metið inn í námsferilinn við HÍ og getur að auki fengið ferða- og dvalarstyrk. Ég mæli hiklaust með skiptinámi.“

**ALEXANDER GUNNAR KRISTJÁNSSON**  
Skiptinemi við Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð



## Starfsþjálfun

Nemendur HÍ geta sótt um Erasmus+ styrk til starfsþjálfunar eða rannsóknarvinnu í háskólum, fyrirtækjum eða stofnunum í Evrópu. Þeir geta fengið dvölinna metna sem hluta af náminu við HÍ, sem hluta af lokaverkefni eða skráða í skírteinisviðauka. Einnig er hægt er að fara í starfsþjálfun að lokinni brautskráningu frá HÍ og brúa þannig bilið milli náms og starfs.

### HVERJIR GETA FARIÐ?

Nemendur á öllum námsstigum geta farið í starfsþjálfun sem tengist námi þeirra og sótt um Erasmus+ styrk\*. Meistara- og doktorsnemar geta einnig sótt um Erasmus+ styrk til að fjármagna rannsóknardvöl erlendis. Starfsþjálfun þarf ávallt að vera samþykkt af deild nemanda.

Hægt er sækja um styrk fyrir blandaðri starfsþjálfun bæði í lengri og skemmri tíma. Í blandaðri starfsþjálfun fer hluti þjálfunarinnar fram á netinu. Doktorsnemar geta þó farið í styttri námsdvöl erlendis án þess að taka hluta rafrænt. Doktorsnemar geta þannig sótt um Erasmus+ styrk til að sækja stutt námskeið, stunda rannsóknir erlendis eða kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum.

### HVERT ER HÆGT AÐ FARA?

Hægt er að fara í starfsþjálfun til allra þátttökulanda Erasmus+. Nemendur geta sótt um stöður sem auglýstar eru t.d. í erlendum gagnagrunnum, á vefsíðu Alþjóðasviðs eða á Tengslatorgi HÍ. Nemendur geta einnig haft samband við háskóla, fyrirtæki eða stofnanir sem þeir hafa áhuga á að starfa hjá.

\* Erasmus+ er menntaáætlun Evrópusambandsins sem hefur m.a. það markmið að auka samstarf milli evrópskra háskóla og að evrópskir háskólanemar öðlist alþjóðlega reynslu.

## Traineeships

UI students may apply for an Erasmus+ grant to pursue a traineeship or research work at a European university, company or institute. The traineeship may be evaluated as part of the study programme or final project at UI, or it may be recorded in the diploma supplement. Students can also bridge the gap between studies and work, since it is possible to go on a traineeship after graduating from UI.

### WHO CAN GO?

Students at all levels of study can pursue traineeships related to their studies and apply for an Erasmus+ grant\*. Master's and Ph.D. students can also apply for an Erasmus+ grant to fund research work abroad. Students must always have the traineeship approved by their faculty.

Students can apply for an Erasmus+ grant to pursue a blended traineeship for a short or a longer period. Blended traineeship combines the study period abroad with an online virtual activity. Doctoral students can travel abroad for shorter stays without a virtual component. Doctoral students can apply for an Erasmus+ grant to attend courses, conduct research abroad or present their findings at conferences.

### WHERE CAN I GO?

Students can pursue traineeships in all Erasmus+ participating countries. Students may apply for advertised traineeship positions, such as those in traineeship databases, the International Division website, or the UI Careers Connection. Students may also directly contact universities, companies or institutes that they are interested in.

\* Erasmus+ is the European Union's education programme that aims to increase collaboration between European universities and encourage European university students to gain international experience.

## STARFSÞJÁLFUN / TRAINEESHIPS

### HOW DO I APPLY?

Students apply for a traineeship grant on the UI website. Students may apply for a traineeship at any time, but those who apply before 1 April will be given preference when allocating grants for the following academic year. Information on grants and amounts can be found on page 15.

---

„Taking part in a traineeship is a great opportunity to explore your area of interest, improve your skills, boost your CV and expand your network. Also, it is likely you will make new international friends and visit places you’ve never been to. The traineeship has already had an impact on my career as I was offered a job at the same workplace once my traineeship ended.“

**JÚLIA KOZÁKOVÁ**

Trainee at Cambridge Judge Business School in the UK

---

Ljósmyndir: Róshildur Arna Ólafsdóttir,  
Fjóra Rakel Ólafsdóttir og Brynja Sigþórsdóttir.

### HVERNIG ER SÓTT UM?

Sótt er um styrk til starfsþjálfunar á vef HÍ. Það má sækja um starfsþjálfun allan ársins hring, en þeir sem sækja um fyrir 1. apríl njóta forgangs um úthlutun styrkja á komandi skólaári. Upplýsingar um styrki og styrkuppþæðir má finna á bls. 14.



---

„Sumarnámið gerði mér kleift að stunda rannsóknir við einn virtasta og virkasta rannsóknarháskóla í heiminum. Ég fékk tækifæri á að taka þátt í rannsóknarvinnu sem ég hefði ekki átt kost á hér heima og lærði ýmsa tækni sem nýtist mér í öðrum verkefnum. Ég hvet alla til að skoða möguleika á sumarnámi og styrkja sig þannig í námi og efla tengslanetið.“

EYVINDUR ÁRNI SIGURÐSSON

Sumarnemi við Caltech í Bandaríkjunum

---

## Sumarnám

Nám yfir sumarmánuðina er kjörið tækifæri til að taka hluta af náminu erlendis, bæta tungumálakunnáttu og fá einingar metnar inn í námsferil við HÍ. Alþjóðasvið auglýsir reglulega tækifæri sem nemendum standa til boða.

Háskóli Íslands er m.a. í sérstöku samstarfi um sumarnám við Stanford og Columbia og sumarrannsóknir við Caltech í Bandaríkjunum. Nemendum stendur einnig til boða sumarnám við ýmsa aðra erlenda háskóla um allan heim og í sumum tilvikum er möguleiki á styrkjum, t.d. í gegnum Erasmus+ og Nordplus. Upplýsingar um styrki og styrkuppþæðir er að finna á bls. 14.

[www.hi.is/nam/sumarnam\\_erlendis](http://www.hi.is/nam/sumarnam_erlendis)



## Summer courses

Summer courses offer a great opportunity to study abroad, improve language skills and earn credits that can be transferred to UI. The International Division regularly advertises opportunities available to students.

For example, the University of Iceland has summer courses agreements with Stanford and Columbia, as well as special summer research positions with Caltech in the USA. Students can also take summer courses at other universities around the world, and in some cases they may be eligible for a grant, e.g. through Erasmus+ and Nordplus.

[english.hi.is/university/summer\\_courses\\_abroad](http://english.hi.is/university/summer_courses_abroad)

# Upplýsingar um styrki

## » Erasmus+

Ferða- og dvalarstyrkur er í boði fyrir ýmsar tegundir námsdvala. Styrkuppþæðir eru breytilegar eftir því hvert farið er.

» Ferðastyrkur **275-820€**

### SKIPTINÁM (3-12 MÁNUÐIR)

» Dvalarstyrkur **490€** eða **540€** á mánuði

### STARFSÞJÁLFUN (2-12 MÁNUÐIR)

» Dvalarstyrkur **490€** eða **540€** á mánuði

» Aukastyrkur vegna starfsþjálfunar **150€** á mánuði

### STYTTRI DVALIR (5-30 DAGAR)

» Dvalarstyrkur **70€** á dag fyrstu 14 dagana, síðan **50€** á dag

## » Nordplus

### SKIPTINÁM

» Ferðastyrkur að hámarki **660€**

» Dvalarstyrkur að hámarki **200€** á mánuði

### STYTTRI DVALIR

Nordplus styrkir einnig styttri dvalir, lágmark fimm daga og er dvalarstyrkur þá **70€** á viku

## » Viðbótarstyrkir

Styrkir vegna fötlunar eða veikinda til að mæta viðbótarkostnaði

Styrkir fyrir nemendur með börn á framfæri

Styrkir vegna dýrra ferðalaga

## » Aðrir styrkir

Alþjóðasvið auglýsir reglulega styrki til skiptináms utan Evrópu, t.d. Erasmus+ styrki, Watanabe styrki til náms í Japan, Val Bjornson styrk við Minnesota-háskóla o.fl.

# Information on Grants

## » Erasmus+

Travel and subsistence grants are available for different types of mobility.  
The amount of a grant varies depending on destination.

» Travel grant **€275-820**

### **EXCHANGE STUDIES (3-12 MONTHS)**

» Subsistence grant **€490** or **€540** per month

### **TRAINEESHIP (2-12 MONTHS)**

» Subsistence grant **€490** or **€540** per month

» Supplementary grant for traineeships **€150** per month

### **SHORT MOBILITY (5-30 DAYS)**

» Subsistence grant **€70** per day for the first 14 days followed by **€50** per day

## » Nordplus

### **EXCHANGE STUDIES**

» Travel grant max. **€660**

» Subsistence grant max. **€200** per month

### **SHORT MOBILITY**

Nordplus also funds shorter stays, of at least 5 days, with a weekly subsistence of **€70**

## » Additional grants

Grants to cover extra costs due to illness or disability

Grants for students who have children

Grants for exceptionally high travel costs

## » Other grants

The International Division regularly advertises grants for exchange studies outside of Europe, such as Erasmus+ grants, Watanabe scholarships to study in Japan and Val Bjornson scholarship for study at the University of Minnesota.



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

ALÞJÓÐASVIÐ / INTERNATIONAL DIVISION – 2021

Háskólatorg / Sæmundargötu 4 / 102 Reykjavík / Sími 525 4311 / ask@hi.is / hi.is/althjodasvid